

Fimmtudaginn 10. febrúar 1994 kl. 16:00

26. fundur Samkeppnisráðs

Samþykkt nr. 5/1994

**Kæra Hrefnu Friðriksdóttur hdl,
f.h. HMM Topp 40, á hendur Skífunni h.f.**

Samkeppnisráð hefur fjallað um kæru Hrefnu Friðriksdóttur hdl, dagsetta 3. desember 1993, f.h. forsvarsmanna HMM Topp 40, um að Skífan h.f. hafi brotið ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993. Skífan h.f. er kærð fyrir að neita að selja HMM Topp 40 hljómdiska. Lögmaðurinn kveður Skífuna h.f. hafa gripið til fyrrgreindra aðgerða eftir að HMM Topp 40 hafði selt hljómdiska um nokkurn tíma á lægra verði en tíðkast í mörgum hljómplötuverslunum.

Smásölumarkaðurinn fyrir hljómdiska hefur að undanfögnu einkennst af því m.a. að verðlagningu hefur í meginatriðum verið stjórnað af dreifingaraðilum hljómdiska í heildsölu. Það hefur leitt til þess að nánast sama smásöluverð er á hljómdiskum í markaðsráðandi smásöluverslunum.

Pegar HMM Topp 40 hóf starfsemi síðla árs 1993 fékk fyrirtækið afgreidda hljómdiska, athugasemdalaust, hjá Skífunni h.f. Dagana 1. og 2. desember synjaði Skífan h.f. HMM Topp 40 um frekari viðskipti.

Samkeppnisráð hefur kynnt sér þau gögn sem ráðinu hafa borist vegna kæru Hrefnu Friðriksdóttur hdl, f.h. HMM Topp 40, á hendur Skífunni h.f. (sjá lista yfir gögn).

HMM Topp 40 er nýtt fyrirtæki á markaðnum fyrir hljómdiska. Fyrirtækið er nýr kostur fyrir neytendur þar sem það hefur boðið lægra verð á hljómdiskum en aðrar hljómplötuverslanir.

Með hliðsjón af framanrituðu og með vísan til þess sem fram kemur í gögnum málsins telur Samkeppnisráð að synjun Skífunnar h.f. á sölu hljómdiska til HMM Topp 40 feli í sér samkeppnishindrun sem brýtur í bága við 17. gr. sbr. 1. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Samkeppnisráð mælist til þess að Skífan h.f. hefji sölu, verði þess óskað, á hljómdiskum til HMM Topp 40 með sömu kjörum og í gildi voru áður en Skífan h.f. neitaði að selja HMM Topp 40 hljómdiska í desember 1993.

Gögn lögð til grundvallar samþykkt Samkeppnisráðs nr. 5/1994

1. Kæra Hrefnu Friðriksdóttur hdl f.h. HMM Topp 40, dags. 3. desember 1993, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Sigurðar G. Guðjónssonar hrl f.h. Skífunnar h.f., dags. 9. desember 1993, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Hrefnu Friðriksdóttur hdl f.h. HMM Topp 40, dags. 14. desember 1993.
4. Bréf Sigurðar G. Guðjónssonar hrl f.h. Skífunnar h.f. dags., 15. desember 1993, ásamt fylgigögnum.
5. Greinargerð Samkeppnisstofnunar frá janúar 1994.
6. Bréf Hrefnu Friðriksdóttur hdl f.h. HMM Topp 40, dags. 27. janúar 1994.
7. Bréf Sigurðar G. Guðjónssonar hrl f.h. Skífunnar h.f., dags. 1. febrúar 1994.